

Encyclopædica Britannica;

ELLER, ET ANTAL

FREMSTILLINGER

OM

de fkiønne og nyttige

V I D E N S K A B E R,

I HVILKE DISKURSER

diverse Phænomeners

BESKRIVELSER & FORKLARINGER gives

TILLIGE MED

adskillige befunderlige og færdeeles OBSERVATIONER, ^{o^a}
i Øst og Vest

ILLUSTREREDE MED XXV TIL DEELS COLOREREDE AFBILDNINGER.

Udgivne af en KREDS af DANNEQVINDER paa AMAGER.

I FORELØBIG EET VOLUMEN.

VOL. I.

HAFNIÆ.

Trykt for R. MÓSESDÓTTIR og J. LOUIS-JENSEN
Og folgt af FLORIAN GRAMMEL, i hans Tryk-Comptoir, Nialsgade.

MMVII

*Festskrift til
Britta Olrik Frederiksen
i anledning af hendes 60-årsdag
den 5. december 2007*

*ved
Florian Grammel, Jonna Louis-Jensen og Ragnheiður Mósedóttir*

Copyright © 2007 forfatterne

Første oplæg i fire eksemplarer 5. december 2007

Anden noget forbedrede elektroniske udgave 2007
http://nfi.ku.dk/publikationer/encyclopaedica_brittanica/

ISBN 978 87 992447 0 6

Sat med "Andron Corpus" af Florian Grammel

Første oplægs indbinding ved

Sille Bræmer Enke, Natasha Fazlić og Mette Jakobsen

‘SÚ AFLANGA HOLA PÍPA’

GUÐVARÐUR MÁR GUNNLAUGSSON

Jón Ólafsson úr Grunnavík (1705–79) bjó í Kaupmannahöfn á árunum 1726–43 og frá 1751 til dauðadags. Hann stundaði nám við háskólann, en var einnig skrifari Árna Magnússonar og síðar styrkþegi Árnasafns (sjá Jón Helgason 1926). Jón var sískrifandi og honum var ekkert mannlegt óviðkomandi, en því miður hefur fæst af því sem hann skrifaði verið prentað. Hann ritaði mest um Ísland og íslensk málefni, en það fór ekki hjá því að Danmörk – og þó sérstaklega Kaupmannahöfn og lífið í borginni – kæmi við sögu í ritum hans. Hér á eftir verður tíndur til svólítill fróðleikur um danskt þjóðlíf frá 18. öld úr einu af fjölmörgum handritum Jóns sem afmæliskonunni ætti að þykja nokkur fengur í.

Í umslagi í handritinu JS 401 4to er efni eftir Jón, alls 59 blöð og seðlar. Efnið í umslaginu er af ýmsum toga og skrifað að mestu á efri árum Jóns og getur Jón Helgason handritsins víða í bók sinni um nafna sinn Ólafsson eins og sjá má í handritaskrá hennar (Jón Helgason 1926:363).

Á bl. 22v–23v er kafli um fjaðrir, fjaðrapenna og hvernig eigi að búa til penna úr fjöður. Hér verða birtir valdir kaflar úr þessu riti.

Framarlega í ritgerðinni¹ telur Jón Ólafsson upp hvað einstakir hlutar fjaðrarinnar heita:

i fiodur heiter Broddur efst, fidur beggia vegna, enn Fiadrar
leggur þad mille er, med sinne midskoru langs epter, nedan
til er fiödur Stafurenn edur su aflanga hola Pijpa, Daner kalla
en Penne Pose, med sijnum merg innan i.

Danska orðið *pennepose* er vel þekkt í merkingunni ‘fjöðurstafur’ (sjá ODS).

Því næst snýr Jón sér að því að lýsa kostum fjaðra mismunandi fuglategunda og talar fyrst um fjaðrir af svan (eða *álft* eins og fuglinn er einnig kallaður á íslensku):

Sinne Skrift hendta hveriar fiadrer, Svana fiadrer bruka menn
ä Cancellienu til þeirra stooru Stafa, sem fyrst eru i Nafne og
Title Kongs, so þeir gete haft hvern Staf i einum drætte, og
þurfe ei opt i at draga; því þä er hættara vid at öjafnare verde
þyckt edur miöod⟨d⟩ Stafanna.

Augljóst er að stórar fjaðrir henta vel til að draga stóra stafi því að stóra penna þarf sjaldnar að fylla. Síðar í ritgerðinni segir Jón svo um fjaðrir af svan:

Visse Eg Prestnockurn ä Jslande, sem nu er i Sælu, jafnan
bruka Þessar fiadrer⟨,⟩ var þö allgodur Skrifare, einkum i ung-
dæme sijnu, eins og vandt er at vera umm Skrifarlag manna,
at nettustu Skrifarar i ungdæme, verda ä gömlum alldre trassa-
legre, so letret stendur gleidt ...

¹ Áður hafa Jón Samsonarson (1991:58–59) og Guðvarður Már Gunnlaugsson (2005) birt glefsur úr þessum kafla um fjaðrir og penna og endursagt hann að hluta.

Greinilegt er á þessu að Jón telur að þeir sem nota stóra penna (fjaðrir) skrifi almennt ekki vel. Enn fremur hefur hann sennilega reynt sjálfur, eins og fleiri, að skriftin vill verða ‘trassalegrí’ með árunum!

Jón telur að fjaðrir af minni fugli henti betur sem pennar:

Medalfiadrer eru betstar: Heimgiæsa [þ. e. fjaðrir af aligæs] ... eru mest brúkadar í *Kapenhavn*, þö er þar at faa i urtabudum Ville Giæsa fiadrer *sem* so kallast þar, sem er sama og Grä giæsa. Þær Koma *Sunnan* frá til Jydlands litlu fyrer Uppstigningar dag ä Voren, og kallast þar Vildgiæs, fliuga sijdan til Noregs og kallast þar Graa-gogla, þadan fliuga þær til islands ... Þessar Gräu Giæser [þ. e. fjaðrir af grágæs] ... eru eins og *adurnefndar* þær hvijtu heim Giæsa fiadrer Danskra hvad *hinar* hendtustu [sem pennar] ...

Í *ODS* er tekið fram að venjulega séu pennar gerðir úr flugfjöðrum gæsa, en það er ekki vandalaust að búa til góða penna úr þeim að sögn Jóns:

Enn opt er þö mikel fita i þeim [þ. e. fjöðrum af gæs] *enn* þö med blettum, at eige tekur bleket ä Pappiren, þä buet er at skera þær til Penna. *Enn* su fita er med Blettum i fiodrenne, þar fyrer draga dansker þær i gegnum varma Ösku, so fitan smite ut, og þurka hana jafnött af med því möte, at draga i gegnum Klut, einu sinne *edur* tvisvar, og þat kalla þeir trockne fiære (dregnar fiadrer).

Ég fann ekkert um ‘dregnar fjaðrir’ (‘trukne fjer/fjeder’) í *ODS*.

Jón segir einnig að fjaðrir af svan megi nota í fleira en penna: „Þær fiadrer brukast og þar [þ. e. í Danmörku] eins og i jslande, i smä Lagar ilaat ...“ Hér er átt við að fjöðurstafurinn, eða *penneposen*, hafi verið

skorinn af og notaður sem glas, sbr. eftirfarandi skýringu í *ODS á en pennepose*:

... den nederste, hule del af en (penne)-fjer (der tilskæres i spidsen for at tjene som skriveredskab ell. med afskaaren øverste del danner et lille rør) ...

Nú til dags er hægt að fá í verslunum þrjú af ilmvatni og rakspíra í örmjóum glösum sem eru nokkuð há miðað við gildleika, og er hægt að ímynda sér að fjöðurstafurinn hafi verið notaður undir t. d. ilmvatn eða lyf, en einnig er hægt að nota þennan hluta fjöðurstafsins sem rör. Í dönsku er t. d. til orðið *fjederpose* sem getur merkt það sama og *en pennepose*, sbr. eftirfarandi tilvitnun við orðið í *ODS*: „kaldes røret af en svane fêr, som vîn tappes igennem“.

Fjaðrir af svan má einnig nota í vefnað, eða eins og Jón segir: „... og enn þá í einslags vefnað i Langar flyser edur Strimla hæfelega skornar ...“ Ekki er ljóst hvað Jón á við hér, en ekkert fannst í fljótu bragði um að fjaðrir hafi verið notaðar í vefnað, annað en að fjaðrir hafi verið notaðar sem hattaskraut.

Jón segir einnig að Danir safni fjöðrum af svönum og sendi þær til Þýskalands: „... og senda þær til þess upp til Þýskalands, þar sem Svaner fäst ei“. Merkilegt fannst mér að Jón talar um að fjaðrir hafi verið sendar ‘upp til Þýskalands’. Hugsanlega hefur það verið málvenja á Íslandi að tala um að fara upp til Þýskalands, því að Björn Jónsson (1578–1656) á Skarðsá segir um Sæmund fróða í rúnaritgerð sinni: „hver ungur framsigldi og lengi var í skóla uppi í Þýzkalandi ...“ (sjá Bjarni Einarsson 1955:civ). Líklegra er þó að Björn á Skarðsá og Jón Grunnvíkingur hafi verið undir dönskum áhrifum því að hér er um að ræða gamla og útbreidda málvenju í Danmörku, þ. e. að tala um *upp* í merkingunni ‘suður’ og *niður* í merkingunni ‘norður’ (sjá

Pedersen 2001:12–13).² Nú til dags tala flestir (eða allir) Danir um að fara *ned til Tyskland* og eru þá með staðsetningu landanna á landakorti í huga þar sem *suður* er ‘niður’ (samskonar (ó-)siður breiðist nú hratt út á Íslandi, t. d. *að fara niður til Spána*!).

Einnig vekur það nokkra undrun að Jón fullyrði að svanir séu ekki til á Þýskalandi en ég er ekki nógu kunnugur dýralífi í Mið-Evrópu til að geta leiðrétt eða staðfest þessi orð hans.

Að sjálfsgöðu gefa Danir Þjóðverjum ekki svansfaðrirnar:

Hefe eg vitat gefenn Rixdal fyrer Hundrad, og ad þvi Skape
10. Rd- fyrer þusund, enn þær fiadrer skulu þä vera goodar
störar Pijpu fiadrer, enn ei Dun fiadra kyns.

Verðgildi 18. aldar ríkisdals er erfitt að segja til um en Carsten Boldsen Hansen, sem vinnur hjá Danmarks Statistik, var svo vinsamlegur að láta mér í té nánari vitneskju um núvirði ríkisdals í tölvuskeyti. Hann áætlaði að núvirðið sé um 40 danskar krónur, en varaði jafnframt við samanburði á verði á 18. og 21. öld.

Hvað um það, ég er þess fullviss að afmæliskonan er mér sammála um að Jón Ólafsson úr Grunnavík eigi skilið að fá fjöður í hatt sinn fyrir skrif sín, sem eru ómetanleg fyrir okkur sem höfum áhuga á þjóðlífi fyrr á öldum!

² Ég þakka Henrik Hovmark, sem vinnur við eyjamálsorðabókina í mállyskudeild Norrænu rannsóknarstofnunarinnar, kærlega fyrir að benda mér á efni um áttatáknun í dönsku og upplýsa mig um þau mál í tölvuskeyti.

Heimildir

JS 401 4to

Bjarni Einarsson (útg.). 1955. Munnmælasögur 17. aldar. *Íslensk rit síðari alda* 6. Hið íslenska fræðafélag í Kaupmannahöfn, Reykjavík.

Guðvarður Már Gunnlaugsson. 2005. 'Sinni skrift henta hverjar fjaðrir'. *Glerharðar hugvekjur þénandi til þess að örva og upptendra Þórunni Sigurðardóttur fimmtuga 14. janúar 2004*, bls. 22–23. Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen, Reykjavík.

Hansen, Carsten Boldsen. 2004. Tölvubréf til höfundar, 24. nóvember.

Hovmark, Henrik. 2007. Tölvubréf til höfundar, 18. október.

Jón Helgason. 1926. Jón Ólafsson frá Grunnavík. *Safn Fræðafelagsins V*. Hið íslenska fræðafélag í Kaupmannahöfn, Kaupmannahöfn.

Jón Samsonarson. 1991. Bókakista Ara Sugurðarsonar. *Fjölmóðarvil til fagnaðar Einari G. Péturssyni fimmtugum 25. júlí 1991*, bls. 53–59. Reykjavík.

ODS = *Ordbog over det danske sprog*. Det danske sprog- og litteraturselskab. København, 1936.

Pedersen, Karen Margrethe. 2001. Op sønderefter og ned nordpå. Retningsangivelser til søs. *Mål og Mæle* 2001(1):10–14.